



Inga Elísabet Vésteinsdóttir
Þórunnarstræti 91
600 Akureyri

Akureyri, 13. nóvember 2019
2016060166 / 09-201

Efni: Aðalstræti - umferðarmál

Verkefnafundur umhverfis- og mannvirkjasviðs hefur á fundi sínum þann 21.10.2019 gert eftirfarandi bókun:

Skipulagsráð óskar eftir umsögn umhverfis- og mannvirkjasviðs um tillögur íbúa og hverfisnefnarinnar og tillögum um mögulegar lausnir á þeim.

Inngangur:

Erindi dagsett 28. júní 2016 frá Ingu Elísabetu Vésteinsdóttur, kt. 141183-3709, þar sem hún fyrir hönd fleiri íbúa og verslunareigenda í Innbænum, leggur fram kröfu um að veruleg endurskipulagning verði gerð á umferðarskipulagi svæðisins. Lagðar eru fram tvær athugasemdir sem borist hafa frá íbúum vegna breytingarinnar. Skipulagsráð óskaði eftir álitum hverfisnefndar Brekku og Innbæjar af reynslu af breytingunni. Hverfisnefndin hélt íbúafund 15. nóvember 2017 og fundargerð hans er lögð fram.

Umhverfis- og mannvirkjasvið þakkar erindið og gerir ekki athugasemdir við tillögu liðs númer 1 af íbúafundi varðandi breytingar á einstefnu á nyrsta hluta Aðalstrætis sem og leggur sviðið til að útfærðar verði hraðaminnkandi aðgerðir í vetur á Aðalstræti til beggja átta frá gatnamótum Lækjargötu og Aðalstrætis. Samhliða því myndi hönnun á syðri gatnamótum Aðalstrætis og Hafnarstrætis vera skoðuð nánar með einstefnu Aðalstrætis og beygju til vinstri á gatnamótunum til hliðsjónar.

Hvað varðar tillögu númer 2 þá telur Umhverfis- og mannvirkjasvið að skoða mætti að færa núverandi þungatakmarkanir við Lækjargötu og Aðalstræti að nyðri gatnamótum Aðalstrætis og Hafnarstræti.

Sviðið vísar tillögu liðs númer 3 til skipulagssviðs í vinnu við breytingar á deiliskipulagi hvað varðar Lækjargötu.

Umhverfis- og mannvirkjasvið tekur undir lið númer 4 og þykir leiðinlegt hvernig fór af ýmsum og ófyrirséðum ástæðum.

Sviðið vísar lið númer 5 í sömu hönnunarvinnu og farið yrði í við úrlausn liðs númer 1.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Ketill Sigurður Jóelsson
verkefnastjóri